

ÞETT
EINTAK

SIRKUS

4. ÁGÚST 2006 | 31. VÍKA

ÞAÐ SEM EKKI MÁ
KLIKKA UM VERSLUNAR-
MANNAHELGINA

FRIDRIK ÓMAR
EKKI Í DRAGI Á GAY PRIDE

FRIDGEIR BERGSTEINS
**MEÐ FULLAN SÍMA AF
FRÆGUM**

GILLZ GEFUR ÞAÐ
ÓMATREITT

FÍFLAGANGUR ÚT Í GEGN

RAGNAR BJARNASON STENDUR Á TÍMAMÓTUM ÞESSA DAGANA. SUMARGLEÐIN KEMUR SAMAN EFTIR 20 ÁRA FJARVERU. HANN ER ÁN EFA REYND-ASTI SKEMMTIKRAFTUR LANDSINS OG ÞARF ÞVÍ EKKI AÐ KAFA DJÚPT Í REYNSLUBANKANN TIL AÐ KLÁRA EINA VERSLUNARMANNAHELGI. O HANN SEGIR GAMAN AÐ KOMA AFTUR FRAM MEÐ SUMARGLEÐINI.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

SIRKUS MÆLIR MEÐ



Sirkus-mynd Anton Brink

Mýrargötu. Loksins ætla þessi dularfulla, niðurnidda gata að vakna til lífsins, en fyrirhugað er að opna kaffihús þar, búðir með sérhannaðar vörur eftir Íslendinga, nýja „Nonnabúð“ og margt fleira. Sannkallaður nýr heitur blettur í Reykjavík, nálægt Búllunni, höfninni og Kaffivagninum – er hægt að biðja um meira?



Barnum. Á horni Klapparstígs og Laugavegs, þar sem 22 var áður, er nú fráber þar sem er í beinni samkeppni við staði eins og Kaffibarinn og Sirkus. Um helgar má heyrja besta teknóíð í Reykjavík á neðri hæðinni, en Dj-ar eins og Gísli Galdur og President Bongó spila þar, og á efri hæðinni er einnig geðbað dansgölf.



Vitabar. Það er ekki til betri leið að byrja helgina en að stoppa við á Vitabar og panta sér hamburgaratilboð, með frönskum og bjór á rúmlega 1000 kall. Fyrir flottari pinna er einnig boðið upp á nautasteik með bjór, svo ekki sé minnst á hinn margfræga Gleymmérey – besta hamburgara Íslands, að sögn margra.



Góðri skemmtun um helgina. Hvort sem farið er til Eyja, Akureyrar, í Galtalæk, á Innipúkann eða bara ekki neitt, þá er um að gera að hafa það sem best yfir helgina, enda merki um að sumarið sé senn búið og hið ömurlega haust á næsta leiti.



Stuðmenn munu koma með öll sín hliðarspor upp á yfirborðið.

SYNDUNUM KASTAÐ AFTUR FYRIR SIG

STUÐMENN VERÐA MEÐ HELJARINNAR HÚLLUMHÆ Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINUM Á LAUGARDAGSKVÖLD. ÞAR MUNU HLJÓMSVEITARMEÐLIMIR KOMA FRAM ÁSAMT NOKKRUM SAMFERÐAMÖNNUM SÍNUM Í ÝMSUM HLJÓMSVEITARMYNDUM.

„Stuðmenn eru að kasta öllum syndum sínum aftur fyrir sig í einu lagi,“ segir Stuðmaðurinn Jakob Frímagn Magnússon um hina árlegu verslunarmannahelgartónleika sem fram fara annað kvöld í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal.

ALLT FRAMHJÁHALD FRAM Í DAGSLJÓSIÐ

Meðlimir Stuðmanna hafa komið víða við í tónlistarlífni og leikið með fjölmörgum hljómsveitum. Annað kvöld munu þessar sveitir, eða hlutar þeirra koma saman. „Öll hliðarspor og allt framhjáald verður dregið fram í dagsljósið og upp á borðið, upp á sviðið nánar tiltekið, og blásið þaðan út af sviðinu,“ segir Jakob. Meðal þeirra sem koma fram eru hljómsveitirnar Frummenn og Rifsberja sem ríða á vaðið. Þá munu Egill, Tómas,

Þórður og Ásgeir taka lagið sem Þursar og spila lög eftir Þursaflokkinn. Heiðursgestur tónleikanna verður svo meistari Megas sem tekur lög af Bleikum náttkjólum, ásamt Agli og Valgeiri sem gerðu þá ágætu plötu ásamt Megasí þegar þeir voru meðlimir Spilverks þjóðanna.

MEGAS UTANSVEITARKRÓNÍKA

Jakob segir hverja „deild“ taka um þrjú lög. „Svo verða Stuðmenn með sinn fimm hundruð laga katalóg, veljandi bestu og skemmtilegustu lögin,“ segir Jakob. „Magnús Þór Jónsson verður svona utansveitarkróníka. Að öðru leyti er þetta fólk sem hefur með einum eða öðrum hætti tengst okkur gegnum eina eða aðra hljómsveit, þetta er hálfur annar tugur manna sem kemur þarna við sögu.“

NÆSTU ÞRJÁTÍU ÁR Í LAUGARDALNUM

Tónleikar Stuðmanna í Laugardalnum hafa verið vel sóttir þau undanfarin þrjú ár sem þeir hafa verið haldnir. „Þetta hefur verið ein fjölmennasta útihátíð landsins, ef ekki sú fjölmennasta, undanfarin tvö ár. Við ætlum að rísa undir öllum væntingum hérna,“ segir Jakob. „Það er búið að koma þarna fyrir mjög fallegu sviði í fallegum tónleikalundi í garðinum. Svo við teljum þetta vera einn besta úti-tónleikastað á landinu. Hérna inni í miðri höfuðborginni.“ Tónleikarnir hafa ávallt heppnast vel og eru komnir til að vera. „Við stefnum að að gera þetta næstu þrjátíu árin,“ segir Rifsberjalýngið, Frummaðurinn og Stuðmaðurinn Jakob Frímagn Magnússon.

soli@minnsirkus.is

SIRKUSÁVARPIÐ!

MEISTARI MEÐ HANGANDI HENDI

Ég var svo heppinn að fá að ræða við Ragga Bjarna sem stendur nú á tímamótum. Sumargleðin að koma saman eftir 20 ára sumargleðifrí. Ragnar er mikill sagnamaður sem gaman er að hlusta á. Ekki er síðra að hlusta á hann syngja karljálkinn. Það magnaðasta við Ragga er hve ótrúlega slakur hann er á því. Hann virðist ekki hafa áhyggjur af neinu og er ekkert að flýta sér. Dinglar bara um með hangandi hendi. Hinsvegar er greinilegt að hann getur vettlingi valdið miðað við hans gríðarlegu afköst sem tónlistarmaður.

Af öðru í Sirkus þá er farið yfir ýmislegt gagnlegt fyrir verslunarmannahelgina. Allir, eða flestir, eru á leiðinni í útilegu um helgina þar sem þeir munu hrynja í það og hafa sig að fifli en það skiptir engu máli. Það eru allir að því. Eða flestir. Gúmmi er efnið sem ætti að vera efst á tékklista fólks um helgina. Hvort sem það er smokkur eða pollagalli. Hvort tveggja mun aldrei gera þér ógagn.



Sólmundur Hólm

365

SIRKUS


Auglýsingastjóri: Jóhannes Már Sigurðarson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Hörður Jóhannesson
hordur.johannesson@365.is
Ritstjórn: Sigríður Ella Jónsdóttir, Sólmundur Hólm Sólmundarson
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndina tók Heiða Helgadóttir af Ragnari Bjarnasyni.

EFNI

- 4 – Ultra Mega Techno bandið Stefán ætla að sigra Eurovision
- 6 – Friðgeir er KR-ingur og vinur fræga fólksins
- 7 – Freaky Fridays. Lokaðu augnum og láttu klippa þig
- 8 – Sigurganga Sigur Rósar
- 12-13 – Raggi Bjarna með hangandi hendi um verslunarmannahelgina
- 14 – Það sem er ómissandi um verslunarmannahelgina
- 16 – Pilsin sem virka
- 20-21 – Það sem gerist í siðmenningunni um helgina
- 23 – Friðrik Ómar er spenntur fyrir Gay Pride



FERÐIST UM FAGURT LAND

GÁTLISTI FERÐAMANNINS!

- EKKI...** ... aka utan vega eða merktra slóða
- EKKI...** ... breyta ásýnd landsins
- EKKI...** ... hella spilliefnum niður í jörðina
- EKKI...** ... henda rusli út um bígluggann
- EKKI...** ... kveikja opinn eld
- EKKI...** ... menga tær vötn og ár landsins
- EKKI...** ... tæma öskubakkann á jörðina
- EKKI...** ... skilja eftir rusl úti í náttúrunni
- EKKI...** ... skilja eftir sár í náttúrunni
- EKKI...** ... skilja við viðkomustað í óreiðu
- EKKI...** ... spilla fríðinum á tjaldsvæðum
- EKKI...** ... spilla kyrrðinni með óþarfa hávaða
- EKKI...** ... trufla dýr er verða á leið ykkar
- EKKI...** ... vera sóði á ferð



Eigið ánægjulega ferðahelgi og sýnum landinu og sjálfum okkur virðingu í leiðinni

Skátahreyfingin á Íslandi í samstarfi við meðfylgjandi aðila



ee.is [utfli&umbraed]



Reykjavík Þjóðgarðurinn Þingvöllum, Áburðaverksmiðjan hf., Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, Ársól í Grímsbæ, Ás - vinnustofa, Bifreiðabyggingar sf., Bifreiðaverkstæði H.P., Blómabúðin Hliðablóm, Bón-Fús, BSRB, Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf., Deloitte hf., Dentalstál ehf., Endurvinnslan hf., Faxaflóahafnir, Feró sf., Félag járníðnaðarmanna, Félagsbústaðir hf., Fínka málningarverktakar ehf., G. Hannesson ehf., G.M. Einarsson, Galleri Fold, Gamlhús ehf., Gissur og Pálmi ehf., Gjúgur hf., GLÁMA/ KÍM Arkitektar ehf., Gríma Hárstofa, GS varahlutir ehf., Hafgæði sf., Hátækni ehf., Heilsubrunnurinn ehf., Hilti ehf., Hreysti ehf., Hönnun hf., Internet á Íslandi hf. - ISNIC, Ísbúðin - Fákafeni 9, J.S. Gunnarsson hf., Kantur ehf., Kemis ehf., Kjörtorg ehf., Knattspyrnusamband Íslands, KOM ehf., Kotra ehf., KPMG endurskoðun hf., Krabbameinsfélag Íslands, Landar ehf., Landvernd, Leikskólinn Fellaborg, Línuhönnun hf., Lögreglustjórnin í Reykjavík, Löndun ehf., Miðbæjaradíó ehf., Óliufélagið ehf. - ESSO, Plúsmarkaðurinn Hátúni 10b ehf., Rafstilling ehf., Rafteikning hf. Verkfæðistofa, Rannsóknarþjónustan Sýni hf., Ráðgjafar ehf., Remedia - Sjúkravörur ehf., Rolf Johansen & co. ehf., S.I.B.S., Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins, Smith & Norland hf., Sportbarinn ehf., Sumarbúðirnar - Ævintýraland, Svefn og heilsa ehf., Sveinbjörn Sigurðsson ehf., Svissinn hjá Steina, Tannlæknar Mjódd, Tannlæknastofa Friðgerðar Samuelds dóttur, Teiknistofa Halldórs Guðmundssonar, Umslag ehf., Útfarastofa kirkjugarðanna, Útivist og sport ehf., Varahlutaverslunin Kistufell ehf., Veidarfærásalan Dímon ehf., Verkfæðistofan Suðurlandsbraut 10, Verkfæðistofan Vista, Verzlunin Fríða fráenka ehf., Verzlunin Skerjavör, Vesturgarður ehf., Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness **Seljarnarnes** Verkfæðistofan Önn ehf.

Vogar V.P. Vélaverkstæði ehf. **Kópavogur** Alark arkitektar, Bifreiðastillingin ehf., Biljofur ehf., Blökkmiðja Einars ehf., DK Hugbúnaður, Garðlist - Alhliða garðyrkjuþjónusta, Glerskálinn ehf., Goldfinger, Hagblíkk ehf., Kraftvélur ehf., Lilaprent ehf., Líjovakinn ehf., Reynir bakari ehf., Réttir bílar ehf., Sjúkranuddstofa Silju, Sittlag ehf., Smurstöðin Stórahjalla ehf., Snyrtistofan Jóna, Svans-prent hf., Tannlæknastofa Þóris Gíslasonar, Uppdæling ehf., Verkfæðistofa Erlends Birgissonar, Vélaleiga Auberts, Ýmus hf. heildverslun, Örygur Kristmundsson ehf. **Garðabær** Ásgeir Einarsson ehf., Hannyrðabúðin, Kjarnavörur hf., Sportis, Würth á Íslandi hf. **Hafnarfjörður** Á. Hallbertsson ehf., Ás - fasteignasala ehf., Blátún ehf., Byggingafélagið Sandfell ehf., Dalakafinn sf. - Firði, Fagfólk ehf. - Hársnyrtistofa, Feðgar ehf. - Byggingaverktakar, Finpússing ehf., Fjarðargjafi ehf., Fjarðarstál ehf., Hlaðbær Colas hf., Hólshús ehf., Jeppahlutir 4X4 ehf., Kambur ehf. - Byggingafélag, RB Rúm ehf., Skerpa - renniverkstæði, Skútan veisludhús ehf., Suðurverk hf., Viking björgunarbúnaður, VSB verkfæðistofa, Vörumerking hf. **Keflavík** Ice Bike, Rafíðn ehf., Sálarrannsóknarfélag Suðurnesja, Skipting ehf., Smurstöð og hjólabarþjónusta Björns og Þóðar, Snyrtistofan Dana, Sparisjóðurinn í Keflavík, Tannlæknastofa Einars Magnússonar, Varmamót ehf., Vatnaveröld ehf., Verzlunarmannafélag Suðurnesja, Keflavíkurflugvöllur, Suðurflug ehf. **Grindavík** Þorbjörn Fiskanes hf. **Sandgerði** Púlsinn - Ævintýrahús - www.pulsinn.is, Sandgerðisbær, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis **Njarðvík** Bílar og hjól ehf., Hitaveita Suðurnesja, Renniverkstæði Jens Tómassonar ehf., Vökvatengi ehf. **Mosfellsbær** Hlín blómahús, Ó. Steinbergs ehf., Tannlæknastofa Guðjóns S. Valgeirssonar ehf., Veidiland ehf. **Akranes** Bifreiðastöð P.P.P. ehf., Fasteignasalan Hákat, Glugga og Glerhólinn, Heimaginging Ólínu Jónsdóttur, Hörpútgáfan ehf., Markstofa ehf., Rafþjónusta Sigurðars ehf., Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf. **Borgarnes** Borgarbyggð, Landbúnaðarháskóli Íslands, Loftorka Borgarnesi ehf., Skorradalshreppur, Sparisjóður Mýrasýslu, Vatnsvirk Guðjón og Árni ehf., Vegamót - Þjónustumiðstöðin, Vélaverkstæði Vogalæk **Grundarfjörður** Grundarfjarðarbær, Kaffi 59, Verzlunin Hamrar ehf. **Búðardalur** Dalabyggð **Ísafjörður** Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, Gamla bakarið hf., Hafnarbúðin - Ísafirði, Ísafjarðarbær, Tæknipjónusta Vestfjarða ehf. **Bolungarvík** Sparisjóður Bolungarvíkur **Súðavík** Súðavíkurhreppur **Patreksfjörður** Söluturninn Albína **Bildudalur** Ýmir ehf. **Brú** Verkalýðsfélag Hráfirðinga **Hólmavík** Sparisjóður Strandamanna **Hvammstangi** Húnaþing vestra **Blönduós** Húnavatnshreppur **Skagastránd** Marska ehf. **Skagabyggð** Vélaverkstæði Skagastrandar **Sauðárkrúkur** Kaupfélag Skagfirðinga, Sveitarfélagið Skagafjörður **Varmahlíð** Hestasport - Ævintýrafærðir ehf. **Siglufjörður** Allinn ehf. sportbar, Byggingafélagið Berg ehf. **Akureyri** Arnafell ehf. verktakar, Bifreiðaverkstæði Baugsbót ehf., Brynja ehf., Faruglaheimilið Stórholti, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Félag verzlunar- og skrifstofufólks, Gleraugnasalan Geisli hf./Kaupangur, H.K. Ræstingur, Hárgreiðslustofan Eva, Hárgreiðslustofan Hátískan, Kjarnafæði hf., Lostæti ehf., Raftákn ehf., S.S. byggir ehf., Ungmennasamband Eyjafjarða, Véltag ehf., Vélsmiðjan Ásverk ehf. **Dalvík** B.H.S. ehf. bíla- og vélaverkstæði **Húsavík** Fensalir ehf. v/Gistiheimilið Árból, Fjallasýn - Rúnars Óskarssonar hf., Húsavíkurbær - Norðurþing, Skóbúð Húsavíkur, Tækniþing ehf., Vikurraf ehf. **Reykjahlíð** Hlið ferðaþjónusta **Raufarhöfn** Önnundur ehf. **Þórshöfn** Geir ehf., Langanesbyggð **Vopnafjörður** Vopnafjarðarhreppur **Egilsstaðir** Ársverk ehf. - Egilsstöðum, Kaupfélag Héraðsbúa, Ungmenn- og íþróttasamband Austurlands **Seyðisfjörður** Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi **Neskaupstaður** Rafgeisli Tómas R. Zoéga ehf. **Höfn** Bókhaldstofan ehf., Ferðaþjónustan Stafafell í Lóni, Mikael ehf., Skinney - Þinganes hf. **Selfoss** Da-Re-Mi, Dýralæknarþjónusta Suðurlands, Fossvælar ehf., Grímsness- og Grafningshreppur, Selfossveitur, Set ehf., Toyota Selfossi Bílasala Suðurlandi, Verzlunin Borg, Vöruflutningar Magnúsar G. Öfjörð **Hveragerði** Heilsustofnun N.L.F.Í. **Þorlákshöfn** Sveitarfélagið Ólfus **Flúðir** Ferðaþjónustan Syðra-Langholti, Gröfutekni ehf., Hitaveita Flúða og nágrennis **Hella** Kókuval ehf. **Hvolsvöllur** Ferðaþjónustan Stórumörk **Vík** Mýrdalshreppur **Vestmannaeyjar** Kaffi María ehf. - Brandur ehf., Teiknistofa Páls Zóphóniassonar ehf., Vestmannaeyjabær, Vinnustöðin hf.

Ultra Mega Techno bandið Stefán ætlar alla leið í Eurovision.



ULTRA MEGA TECHNO BANDIÐ STEFÁN ER MEÐ HÁLEIT MARKMIÐ. ÞEIR SKORA Á KRISTJÁN HREINSSON OG ÞORVALD BJARNA ÞORVALDSSON AÐ SENDA INN LÖG Í UNÐANKEPPNI EUROVISION. ÞESSI LÖG ÆTLA ÞEIR AÐ SIGRA.

ÆTLUM AÐ KOMA SÍÁ OG SIGRA EVRÓPU

„Við skorum á Kristján Hreinsson og Þorvald Bjarna að senda inn lög og reyna að skáka okkur.“ Sigurður Ásgeir Árnason söngvari Ultra Mega Techno bandsins Stefáns. Hljómsveitin hefur nú skorað á tónlistarmennina Þorvald Bjarna Þorvaldsson og Skerjafjarðarskáldið Kristján Hreinsson að senda inn lög í undankeppni Eurovision. Þeir ætla að gera að slíkt hið sama – það sem meira er – þeir ætla að vinna.

TÓNLISTARLEG TÍSKUSÝNING

Sigurður segir að illa sé komið fyrir íslenskum tónlistarmarkaði. „Tónlistarmarkaðurinn á Íslandi er orðin eins konar tískusýning. Útgefendurnir eru framleiðendurnir og tónlistarmennirnir ganga eftir sýningarpallinum. Við höfum ekki séð neina almennilega tískusýningu og ætlum því að bjóða upp á eina.“ segir Sigurður. *Eruð þið að grínast?* „Stefán er bara hugarástand, fólk verður bara að túlka það sem við gerum eftir því hugarástandi sem það

sjálft er í. Sagt er að tónlist endurspegli hugarástand höfundar, ef það er rétt þá erum við ansi kókaðir,“ segir Sigurður.

DANSA FREKAR EN SLÁST

Strákarnir í Ultra Mega Techno bandinu Stefáni hafa hugsjón sem þeir fylgja. „Hérna áður fyrr fór fólk út á lífið til þess að dansa og skemmta sér. Í dag virðast æ fleiri fara út til þess eins að lenda í slagsmálum. Við viljum breyta þessu með því að semja tónlist sem fær fólk til þess að dansa,“ segir Sigurður. *En lagið sem þið sendið inn í Eurovision, verður það með gripandi laglínunni sem hægt er a syngja með?* „Já, fólk ætti að geta tekið undir melódíu gullbarkans, sem er ég,“ segir Sigurður gullbarki Olsen.

HLJÓMSVEITIN EINS ÁRS

Hljómsveitin var í öðru sæti Músíktílauna í vor. „Það er aukaatriði og í raun skandall að við höfum ekki sigrað. En við biðjum bara að

heilsa syni eskimóans og þökkum honum fyrir góðar viðtökur,“ segir Sigurður. Sveitin stendur á tímamótum þessa stundina. „Við eigum afmæli þessa dagana. Vorum stofnaðir á landsmóti á Vík í Mýrdal í fyrra. Við ætlum að fagna afmælinu með því að spila á Laugum um helgina og lofum mesta djamma sem fólk hefur upplifað,“ segir Sigurður kokhraustur að vanda.

ÞJÓÐIN Á OKKAR BANDI

Sigurður segir þá félagar vera sannfærða um sigur í undankeppni Eurovision og ekki bara undankeppninni. „Við ætlum að koma, sjá og sigra Evrópu,“ segir Sigurður. „Þessir menn eiga endilega að semja einhver lög og reyna að vinna okkur sem er nánast ómögulegt því við höfum þjóðina á okkar bandi.“ Þeir segja þjóðina skiptast í fermt: „Það eru hnakkarnir, treflarnir, Geir Ólafs og við. Svo verður bara að koma í ljós hvernig þessir hópar taka okkur.“

soli@minnsirkus.is

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus-rynd Höður Sveinsson

Hraðakstri um helgina. Nú fer í hönd stærsta ferðahegli ársins og því stórhættulegt að keyra eins og brjálæðingur. Leyfið hlutunum bara að ganga sinn vanagang, ekki taka fram úr á vafasömum köflum og njótið þess frekar að keyra um náttúru Íslands. Þessu er ekki beint sérstaklega til mótorhjólafólks.



Áflogum. Það er sorglegt til þess að hugsa að áflog stórukast um verslunarmannahelgina, þegar vímuefni og áfengi brengla skynjun og stöðumat fólks. Hlutverk allra sem sækja útihátíðir ætti ekki aðeins að vera að skemmta sér, heldur einnig að passa upp á að allt gangi sómasamlega fyrir sig.



Slökum búnaði. Þegar land er lagt undir fót er nauðsynlegt að búa sig vel, ekki aðeins með teppum, regngöllum og öðru því tengdu, heldur einnig mat og áfengi. Það er fátt leiðinlegra en að klára áfengið sitt á laugardegi eða að þurfa að vera í skitugum, blautum sokkum alla helgina.

Síðbuxum. Það er sjaldan sem veðrið leikur við landsmenn eins og það gerir þessa dagana og því mikilvægt að upplifa sólna með sem sterkustum hætti. Hoppið því upp úr síðbuxunum og beint í stuttbuxurnar eða speedo-sundskýlurnar og sprellið um götur borgarinnar á hvítu stúfunum.



G!FESTIVALURIN Í MORGUNBLAÐNUM

Íslenska Morgunblaðið hevði í gjár langa frásögn frá G!Festivalinum, tað var Føroyavinurin og tónleikammælarin Arnar Eggert Thoroddsen, ið aftur hevði vitja á klettunum, og í greinini v e r ð u r Føroyaferðin lýst.



Her er ikki talan um ummælir av konsertum á G!, men heldur um eina langa hugleiðing um føroyskan tónleik, føroyskan sam-

leika og samfelagsviðurskipti sum heild.


Her verður m.a. hugleitt um ríkissambandið, um lógina um fosturtøku og um manglndi verndina hjá samkyndum í føroysku lóggávuni. Blaðmaðurin undrast á, at eitt land, ið er so frammaliga á tónlistarøkinum, kann vera so langt afturi á øðrum økjum. Í stóran mun snýr greinin seg um føroyskan tónleik, og er við til at halda lív føroysku alduni í Íslandi.



FAREYSKA FRÉTTIN

Gestir eru tann bólkurinn, ið Arnar Eggert Thoroddsen nevnið oftast í grein síni

ALVÖRU HAMBORGARI



BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

HÖFÐABAKKA 9 & SKIPHOLTI 19

FRÍÐGEIR BERGSTEINSSON ER GALLHARÐUR KR-INGUR. AUK ÞESS ER HANN AÐSTOÐARMAÐUR SKÍTAMÓRALS OG VINUR STRÁK-ANNA Í HLJÓMSVEITINNI. FRÍÐGEIR ER SANNARLEGA VINUR FRÆGA FÓLKSINS OG SÉST ÞAÐ BEST Á SÍMASKRÁNNI Í GSM-SÍMANUM HANS.

„Þetta byrjaði allt árið 1995 þegar ég kom suður að sjá KR-Fram í bikarnum,“ segir Húsvíkingurinn Friðgeir Bergsteinsson sem er einhver harðasti KR-ingur sem sögur fara af. „KR vann leikinn 2-1 og þá var ekki aftur snúið.“ Friðgeir var tíu ára þegar hann sá þennan umrædda bikarleik og nú ellefu árum síðar hefur ástin á KR ekkert kólnað.

VINUR LEIKMANNA

Friðgeir er ekki einungis stuðningsmaður KR heldur er hann einnig finni vinur leikmanna liðsins og er með símanúmer þeirra flestra. Í það minnsta þeirra bestu. Hann segir sig aldrei hafa grunað að hann ætti eftir að kynnast leikmönnum liðsins jafnvel og hann hefur gert í dag.

Hvernig kynntist þú leikmönnum?

„Það var árið 1998 sem ég fór á leik með KR. Þá kynntist ég leikmanni sem er hættur í dag. Hann heitir Einar Þór Danielsson. Hann fór með mig inn í klefa og kynnti mig fyrir strákunum. Það byrjaði allt batterið þá,“ segir Friðgeir en hann heldur enn sambandi við þessa leikmenn sem hann kynntist í klefanum um árið. „Þá ákvað ég að kynnast fleiri leikmönnum. Síðan hefur þetta undið upp á sig og maður þekkir menn í stjórninni í dag,“ segir Friðgeir. „Svo í dag, þegar það koma útlendingar, þá benda leikmennirnir þeim á mig og segja: Þetta er harðasti KR-ingurinn,“ segir Friðgeir og hlær.

AÐSTOÐARMAÐUR SKÍTAMÓRALS

Friðgeir þekkir þó ekki einungis fræga knattspyrnumenn heldur þekkir hann einnig tónlistarmenn. Hann hefur verið aðstoðarmaður Skítamórala um nokkurt skeið og þekkir þá drengi vel. „Þetta byrjaði allt í gegnum Hanna og Birgittu. Birgitta er frá Húsavík og Hanni kom annað slag með henni. Svo kom hann með henni á einhverja jólaskekkmtun og þá kynnti ég mig fyrir honum,“ segir Friðgeir sem hafði góða sögu að segja Hanna til að brjóta ísinn. „Það var árið 1999. Þá voru þeir í Hausverk um helgar að gefa diska, boli og bækur. Ég var svo vitlaus að ég hringdi inn og sagði: „Sælir strákar, ég er gallharður Skítamórala-aðdáandi.“ Þeir spurðu mig hvaðan ég kæmi og hvort ég kynni ekki eitthvert lag með þeim og ég sagði: „Jú, ég kann lagið Farin.“ Ég



FRÍÐGEIR BERGSTEINSSON ER VINUR FRÆGA FÓLKSINS

Sirkus-myndir: Hörður Steinsson



FRÆG SÍMASKRÁ

Blaðamaður Sirkus fékk að sjá þá allra frægustu í síma Friðgeirs.

- Addi Fannar í Skítamóral**
- Alexander Aron Idol-stjarna**
- Amar Gunnlaugs**
- Atli skemmtanalögga**
- Ásgeir Kolbeins**
- Baldur Sigurðsson leikmaður Keflavíkur – Balli**
- Mývetningur**
- Beggi í Sóldögg**
- Bjarki Gunnlaugsson**
- Bjarnólfur Lárusson**
- Björgólfur Takefusa**
- Breki Logason blaðamaður**
- DJ Loveguru**
- Eggert Stefánsson – Fram**
- Eiður Smári**
- Einar Þór Danielsson – Fyrirverandi leikmaður KR**
- Einar Örn, hjómborðsleikari í svörtum fötum**
- Eiríkur Hafdal Idol-stjarna**
- Fríðrik Sturluson – Bassaleikari í Sálinni**
- Garðar Gunnlaugs**
- Grétar Hjartar – KR**
- Guðmundur Jónsson – Sálinni**
- Gummi Ben – Val, fyrirverandi KR-ingur.**
- Gunni Óla – Skítamóral**
- Halli Bach – Oxford og bróðir Hanna Bach**
- Hanni Bach – Skítamóral**
- Hebbi – Skítamóral**
- Heiða Idol-stjarna**
- Hilmar Björnsson – Dagskrárstjóri Sýnar, fyrirverandi KR-ingur**
- Höskuldur Höskuldsson – KR-útvarpinu**
- Ína Idol-stjarna – Húsvíkingur eins og Friðgeir**
- Kjartan Henry – Celtic, fyrirverandi KR-ingur**
- Kristján Örn Sigurðsson – Brann, fyrirverandi KR-ingur**
- Lilja fyrirsæta**
- Magnús Gylfason – Þjálfari Víkings, fyrirverandi þjálfari KR**
- Pálmi Rafn Pálmason – Val**
- Rógví Jakobsen – Var í KR**
- Siggi Sam – Bassaleikari Írafárs**
- Sigurvín Ólafsson – FH, var í KR**
- Simmi Idol-kynnir**
- Simmi Kristjánsson – KR**
- Stefán Karl – Glanni glæpur og Stuðmaður**
- Stjáni Finnþóga – KR**
- Tinna Alavis – Fyrirsæta**
- Tryggvi Bjarnason – KR**
- Veigar Páll – Stabæk, var í KR**
- Viddi í Greifunum**
- Viggi í Írafári**
- Þróstur 3000**

MED FULLAN SÍMA AF FRÆGUM

„ÞEIR SPURÐU MIG HVADAN ÉG KÆMI OG HVORT ÉG KYNNI EKKI EITTHVERT LAG MEÐ ÞEIM OG ÉG SAGÐI: „JÚ ÉG KANN LAGIÐ FARIN.“ ÉG RAULAÐI ÞAÐ FYRIR ÞÁ OG ÞETTA VAR Í OPINNI DAGSKRÁ ÞANNIG AÐ FLESTALLIR HÚSVÍKINGAR SÁU ÞETTA.“

En hvernig list þér á KR-liðið í ár?

„Þetta er búið að spila mjög skringilega. Deildin í ár er mjög jöfn og ég hef trú á því að FH verði meistari. Mín vegna vona ég hins vegar að KR nái öðru sætinu,“ segir Friðgeir. Hann segist ekki geta gert upp á milli leikmanna KR-liðsins en segir marga toppklassa leikmenn í liðinu. Hann segir að þó svo að hann sé KR-ingur sé hann einnig Völsungur. „Maður svíkur aldrei uppeldisfélagið sitt,“ segir Friðgeir sem stundaði fjölmargar íþróttir á Húsavík.

MEÐ FULLAN SÍMA AF FRÆGU FÓLKI

Friðgeir er ekki einungis vinur KR-inga og strákanna í Skítamóral. Símaskráin í farsíma hans er drekkhlaðin af frægum Íslendingum. Þeirra á meðal eru landsliðsmenn í knattspyrnu á borð við Eið Smára Guðjohnsen. „Ég heyri annað slag í þeim,“ segir Friðgeir. Auk landsliðsmanna eru sjónvarpsmenn, tónlistarmenn og fyrirsætur í símaskránni hjá Friðgeiri sem á marga fræga vini.

Á LAUSU

Friðgeir hefur gaman af því að kíkja út á lífið og hitta félagana þegar hann er ekki að vinna.

Áttu kærustu?

„Nei, maður er bara að skoða markaðinn,“ segir Friðgeir – léttur, ljúfur og kátur.

soli@minnsirkus.is

raulaði það fyrir þá og þetta var í opinni dagskrá þannig að flestallir Húsvíkingar sáu þetta,“ segir Friðgeir hlējandi. „Það var ekkert gaman að fara út eftir þetta. Allir að skjóta á mann og segja að þetta hefði verið myndið og ég væri góður söngvari og eitthvað í þá áttina,“ segir Friðgeir sem sagði við Hanna á jólaskekkmtuninni að hann væri strákurinn sem hefði sungið Farin í Hausverk um helgar. Eftir það hefur hann séð um að auglýsa böll sveitarinnar fyrir norðan og aðstoðað þá í Reykjavík eftir að hann flutti þangað í ágúst í fyrra.

DEILDIN Í ÁR JÖFN

Milli þess sem Friðgeir fylgir KR og aðstoðar Skítamóral starfar hann á Hótel Sögu. Hann er að læra að verða kokkur og þarf hann stundum að sleppa leikjum þegar vaktirnar standa þannig. „Þá reynir maður að fylgjast með í útvarpi eða öðru,“ segir Friðgeir.





ÞAÐ VITA FLESTIR HVAÐ FELST Í ÞVÍ AÐ SKELLA SÉR Á FREAKY FRIDAY Á HÁRGREIÐSLUSTOFUNNI GEL Á HVERFISGÖTUNNI. ÞEIR SEM ERU ALVEG ÚTI AÐ AKA ÆTTU AÐ SKELLA SÉR Á GEL ÞEGAR FREAKY FRIDAY STENDUR YFIR OG FÁ SÉR ÓVÆNTAN KOLL. HÉR ER Á FERÐinni SNILLDAR ÓVISSU-FERÐ Í BOÐI KLIPPARANNA OG ÞÚ VEIST EKKERT HVERNIG ÞÚ MUNT LÍTA ÚT ÞEGAR ÞÚ LABBAR ÚT.

FREAKY FRIDAY Á GEL



Sirkus skelti sér á Gel á Hverfisgötu til þess að sjá hvernig þetta virkaði og hverjir væru nógu hugrakkir til að prófa. Það var margt um manninn, plötusnúður að þeyta skífum og veitingar í boði. Það má með sanni segja að hér sé á ferðinni stórskemmtilegt parti þar sem frumleiki er í hávegum hafður en þetta er ekki einungis

hárgreiðslustofa heldur gallerí líka. Hinir ýmsu listamenn hafa verið með sýningu þannig að þeir sem ætla að bíða aðeins með að láta snyrta á sér kollinn geta verið menningarlegir í staðinn og notið listarinnar. Aðalmálið er að treysta þeim sem mun handfjatra á þér hárið og hafa gaman af.



Strákarnir að klippa og plötusnúður að þeyta skífum... namm, gaman.





SIGURGANGA SIGUR RÓSAR

Á SUNNUDAGINN SKEMMTI SIGUR RÓS TÆPLEGA 20.000 MANNS Á MIKLATÚNI. TÓNLEIKARNIR VORU HREINT ÚT SAGT FRÁBÆRIR OG LIÐUR Í TÓNLEIKAFERÐALAGI HENNAR UM LANDIÐ VEGNA HEIMILDARMYNDAR SEM ÞEIR VINNA NÚ AÐ. SIRKUS RIFJAR HÉR UPP SÖGU HLJÓMSVEITARINNAR.

Sigur Rós var stofnuð í ágúst árið 1994. Í upphafi söng Jón Þór Birgisson – betur þekktur sem Jónsi – auk þess að spila á gítar, Georg Holm spilaði á bassa og Ágúst Ævar Gunnarsson sló á trommur. Kjartan Sveinsson gekk til liðs við sveitina fyrir upptökur á Ágætis byrjun árin 1998–1999, en eftir upptökurnar hætti Ágúst og Orri Páll Dýrason, núverandi trommari bandsins, tók við. Sama dag og sveitin var stofnuð fæddist systir Jónsa, sem hlaut nafnið Sigurrós og þaðan kemur nafn bandsins.

TILRAUNAKENND UPPHAFSÁR

Fyrsta plata Sigur Rósar heitir Von og kom út árið 1997 undir merkjum Smekkleysu. Hún er mjög tilraunakennd, með fáum „lögum“ í hefðbundnum skilningi, þótt meðlimir hljómsveitarinnar neiti því þó að platan sé tilraunaplata (concept album). Árið eftir kom endurhljóðblönduð útgáfa plötunnar út, í flutningi hljómsveita eins og GusGus og Múm, og bar þann skemmtilega titil Von bríggði. Sigur Rós á eitt lag á plötunni og er það án efa dansvænasta lag sem hljómsveitin hefur nokkurn tímann gefið út. Það hefur jafnframt staðist tímans tönn, þrátt fyrir mikla þróun í danstónlist síðustu árin.



Jónsi hress á kantinum með brasshljómsveitinni Brassgat í bala.



Hverju skyldu hnökkarnir í Sigur Rós taka upp á næst?

8

ÁGÆTIS BYRJUN, HÓGVÆRT RANGNEFNI

Árið 1999 kom Ágætis byrjun út. Þeir fóru í hljótleikaferð um Ísland til að fylgja henni eftir, en voru ennþá óþekktir og einungis örfáar hræður létu sjá sig á tónleikunum. Þetta breyttist þó mjög fljótlega, því hróður plötunnar barst hratt út og í könnun sem Dr. Gunni gerði í tengslum við bók sína Eru ekki allir í stuði? var hún valin besta íslenska platan frá upphafi. Hróður sveitarinnar barst einnig til útlanda og var platan gefin út í Bretlandi árið 2000 og síðar í Norður-Ameríku.



Það er vinsælt áhugamál hjá útlendingum að láta húðflúra sig með merkjum sveitarinnar.

HUMAR EDA FRÆGÐ

Í apríl og maí 2001 fór sveitin í tónleikaferðalag um Bandaríkin og má segja að þá hafi heimsfrægð Sigur Rósar hafist fyrir alvöru. Uppselt var á flesta tónleika og stórstjörnur börðu drengina augum. Um svipað

leyti komu þeir fram með Radiohead og áttu tvö lög í Hollywoodmyndinni Vanilla Sky, þ.á m. í lokasenu myndarinnar (sem er ekki tekið af plötu, heldur byggir á tónleikauptöku frá tónleikum þeirra á Hróarskeldu árið 2000).


() (?)

Svigaplatan svokallaða kom út árið 2002, á henni eru átta nafnlaus lög sem eru þekkt undir vinnuheitum. Á plötunni syngur Jónsi á „vonlensku“, tilbúnu tungumáli sem minnir á íslensku en þýðir í raun ekki neitt. Í september í fyrra kom Takk út og jók hróður sveitarinnar enn frekar.

Þegar tónleikaferðalaginu vegna Takk lýkur hyggjast þeir drengir minnka tónleikahald næstu tvö árin og einbeita sér að tónsmíðum. Við biðum því bara spennit eftir næstu plötu frá álfunum kná.



Álfamyndin fræga sem kjarnar ímynd Sigur Rósar.



GÓÐA FERÐAHELGI

Farið varlega í umferðinni

www.heineken.is

Nýir vinningar og nýir spilapeningar!
Taktu þátt í leiknum á www.heineken.is



**ENGAR
MÁLAMIÐLANIR**
Njótum lífsins
TIL FULLS

Heineken®



Sirkusmyndir: Heiða Helgadóttir

Gengið bak við Penetreitor.

PENETREITOR ER RANNSÓKNARVERKEFNI VOR MORDINGJA OG HUGARAFLS SEM SETT VAR UPP Í KLINK OG BANK SUMARIÐ 2005 OG NAUT GRÍÐARLEGRA VINSÆLDA. VEGNA MIKILLAR EFTIRSPURNAR OG ÁHUGA VAR ÁKVEÐIÐ AÐ SETJA SÝNINGUNA UPP AFTUR NÚ Í SUMAR.

GLÆSILEGUR PENETREITOR

Penetreitor er sýndur í Sjóminjasafni Reykjavíkur í Grandagörðum 8 og hefur vakið mikla athygli. Verkefnið í heild sinni hefur skilað sér bæði til Hugarafls og út í samfélagið með aukinni umræðu. Fólk talar um byltingu í íslensku leikhúsi og ferska vinda. Allur ágóði af sýningunni rennur til Styrktarsjóðs Hugarafls. Þessi sýning hefur fengið gríðarlega góða dóma og af því tilefni sló Sirkus á þráðinn.

GÓÐGERÐASÝNING

Penetreitor er leikrit eftir Skotann Anthony Neilson sem fjallar m.a. um geðhvarfasýki, meðvirkni, einelti, stjórnun, stjórnleysi og kúgun. Þetta er áhrifamikil sýning og glæsileg frammistaða hjá ungum listamönnum. Sýningin hefur yfirbragð alvöru og erindis sem gaman er að sjá. Áhugamenn um leiklist ættu ekki að láta Penetreitor fara framhjá sér.

Fyrir forvitna

vermoringjar.blogspot.com

Sýningar verða í Sjóminjasafni Reykjavíkur, Grandagörðum 8

Miðasala: 699 0913 eða á ver.moringjar@hotmail.com

Miðasöluverð er kr. 2.000 og rennur ágóði til góðgerðamála



Jörundur Ragnarsson
leikari/Maggi



Kristín Eysteinsdóttir
leikstjóri



Vignir Rafn
leikari/Alli



Stefán Hallur
leikari/Stinni

Arthúr

MINNI



OFNBÖKUÐ ÝSA MEÐ INDVERSKUM BLÆ

- 2 ýsuflök, 700-800 g
- 3 msk. mangó-chutney frá Patata's
- 3 msk. Indverskt Dukkah

Roð- og beinhreinsið ýsuflökin og skerið í hæfilega bita. Setjið mangó-chutney í skál og penslið ýsubitana vel með því á báðum hliðum. Stráið Indversku **dukkah** vel yfir beggja megin. Setjið í eldfast form. Bakið í ofni við 180°C í 15 mín.

Berið fram með uppáhaldshrisgrjónunum ykkar og salati.



f. 4



HUGMYNDIR

GOTT ER AÐ STRÁ INDVERSKU-**DUKKAH** YFIR SÆTAR KARTÓFLUR OG BAKA ÞÆR SIÐAN Í OFNI.


Nota má allar **dukkah**-kryddblöndurnar út í brauðdeig, eða 2 msk. á móti 500 g af hveiti, heilhveiti eða spelti.

Sniðugt er að blanda mismunandi **dukkah**-kryddi út í rjómaost, búa síðan til kúlur úr honum og velta þeim loks upp úr **dukkah**-kryddi.

Frábært er að stinga gót með beittum hníf í lambalærið og strá **dukkah**-kryddi í götin.

HUGMYNDIR

 Egypskt dukkah með möndlum

 Innetum og chili

Yndisauki framleiddur nú fjórat tegundir af dukkah.



FÍFLAGANGUR ÚT Í GEGN

RAGGI BJARNA HEFUR Í NÓGU AÐ SNÚAST ÞESSA DAGANA. ÞAÐ SEM BER HÆST NÚ UM HELGINA ER ENDURKOMA SUMARGLEÐINN-
AR EFTIR 20 ÁRA AÐSKILNAÐ. SÓLMUNDUR HÓLM HITTI RAGGA OG
RÆDDI ÁRIN MEÐ SUMARGLEÐINNI OG FERILINN SEM VIRÐIST
ALDREI ÆTLA AÐ TAKA ENDA.



„Raggi Bjarna er kominn til að hitta þig,“ segir stelpa í afgreiðslunni. „Ég kem niður,“ segi ég með fiðring í maganum yfir því að fara að ræða við hina lifandi goðsögn Ragga Bjarna. Niðri í afgreiðslu situr hann rennislakur á því. „Sæll vinur,“ segir hann og tekur í spaðann með hægri, sú vinstri hangir eins og venjan er. Við tyllum okkur niður og ræðum málin. Raggi stendur á tímamótum því um helgina mun Sumargleðin koma saman eftir langan aðskilnað. Hann er án nokkurs vafa reyndasti skemmtikrafturinn sem kemur fram um þessa verslunarmannahelgi.

VEL ÍHUGUÐ ENDURKOMA

„Við höfum ekki komið saman í 20 ár þannig að það var mikið spökulerað hvort við ættum að gera þetta,“ segir Raggi um endurkomu sumargleðinnar sem mun eiga sér stað í Galtalæk um helgina. „En svo hitt-ust nú menn og kíktu á gamla Sumargleði og þá kviknaði tilfinningin, hvernig þetta var í raun og veru. Þetta var ótrúlega gaman. Við eigum þetta á böndum, það þyrfti bara að setja þetta á diska og gefa þetta út því að þetta er svo fyndið, svo sniðugt og svo mikið rugl,“ segir Raggi hlæjandi.

BYRJADI Á HÉRAÐSMÓTI

Hjá fjölskyldufólki snerist allt um Sumargleðina þegar sá árstími gekk í garð. Menn fóru í fríð þegar Sumargleðin kom í bæinn og allt fór á annan endan.

Hvernig varð þetta batterí til?

„Þetta byrjaði voða rólega. Við Ómar vorum á svokölluðum héraðsmótum Sjálfstæðisflokksins. Þá voru það einn ráðherra, einn þingmaður og einn heimamaður sem héldu ræður. Svo komum við Ómar. Þegar þessum héraðsmótum lauk ákváðum við Ómar að halda áfram með skemmtunina. Þetta hlýti að virka án ráðherra og þingmanna. Svo var það bara hljómsveit Ragga Bjarna og Ómar Ragnarsson fyrst um sinn. Karl heitinn Ein-arsson eftirherma var með okkur líka. Svo smám saman komu allir inn í þetta. Halli og Laddi, Magnús, Þorgeir, Hemmi, Bessi, Diddú og allir hinir,“ segir Raggi sem hefur greinilega gaman af því að rífa þetta upp. Sumargleðin var þannig byggð upp að fyrst var skemmtun sem endaði svo með balli. Krakkarnir fengu að mæta á skemmtunina. „Það er fólk sem er um fertugt í dag og man vel eftir þessu.“

„ÞVÍ GERIR HANN MÉR ÞETTA?“

Það gekk mikið á hjá Sumargleðinni og kann Raggi fjölmargar sögur af þessum tímum. „Ómar var náttúrulega með mér allan tímann og það makalausasta við Ómar var að hann mætti alltaf. Nema tvisvar, þá var hann fastur uppi í háloftunum og komst ekki niður. Svo einu sinni þá var hann á bíl, sem var nú sjaldgæft. Ég vissi ekkert hvar hann var og hafði ekkert heyrt í honum í heila viku og við áttum að vera á Bíldudal. Ég var með frasa þegar strákarnir voru að gera einhverja vitleysu sem var: „Því gerir hann mér þetta?“ Svo vantaði klukkuna tvær mínútur í níu og við förum þarna út fyrir til þess að reyna að finna út hvernig við eigum að reyna að leysa prógrammið án hans. Svo þegar klukkan slær níu þá segi ég: „Því gerir hann mér þetta,“ þá kemur hann fyrir hornið og



„SVO VANTAÐI KLUKKUNA TVÆR MÍNÚTUR Í NÍU OG VIÐ FÖRUM ÞARNA ÚT FYRIR TIL ÞESS AÐ REYNA AÐ FINNA ÚT HVERNIG VIÐ EIGUM AÐ REYNA AÐ LEYSA PRÓGRAMMIÐ ÁN HANS. SVO ÞEGAR KLUKKAN SLÆR NÍU ÞÁ SEGI ÉG: „ÞVÍ GERIR HANN MÉR ÞETTA,“ ÞÁ KEMUR ÓMAR FYRIR HORNID OG SEGIR: „GERI ÞÉR HVAD? ER HÚN EKKI NÍU?““

segir: „Geri þér hvað? Er hún ekki níu?““ segir Raggi og hlær dátt.

EFTIRSJÁ Í BESSA

Raggi segir Sumargleðina hafa hætt á toppnum og því eru minningarnar frá þessum tímum afar góðar.

En brandarnir? Virka þeir ennþá?

„Við erum að semja nýtt, en já blessaður vertu, það virkar fullt af þessu. Ég tek einn og einn brandar að gamni þegar ég er að skemmta. Segi að þeir séu frá '79 og þeir virka allir, blessaður vertu, þetta er bara djók,“ segir Raggi. Hann segir þá félaga alla vera í fínu formi. „Já en við söknum Bessa náttúrulega,“ segir Raggi og á þar við Bessa heitinn Bjarnason sem lést á síðasta ári. „Við vorum mjög góðir vinir og hann var alveg einstakur. Ég

man að við vorum einhvern tímann í þætti hjá Eddu Andrésar. Þá sat ég hjá henni og Sumargleðin var úti í sal. Þá spurði hún: „Hvernig tókst Ragnari að fá stórleikara eins og Bessa til þess að vera í Sumargleðinni?“ Þá sagði hann: „Blessaður vertu hann er svo leiðinlegur að hann var að gera mig vitlausan þannig að ég gafst bara upp á endanum.“ Það er mikil eftirsjá í honum,“ segir Raggi. „En ég vona að þetta heppnist hjá okkur núna. Við erum búnir að hittast og æfa og þetta er alltaf sama sagan, fíflagangur út í gegn.“

REIF SIG UPP Á EFTIRLAUNAALDRI

Þótt Sumargleðin sem heild hafi verið í frí í 20 ár er ekki sömu sögu að segja af Ragga. „Það má segja að ég hafi farið aftur á fullt í kringum sjötugsafmælið mitt. Þá hjálpaði Þorgeir mér að setja upp dagskrá fyrir afmælið sem ég hélt á Broadway. Við héldum þarna heljarinnar sýningu og þurftum að gera það í þrjúgang. Það má því segja að ég sé 210 ára,“ segir Raggi og hlær. Í kringum afmælið gaf Raggi út diskinn Vertu ekki að horfa sem innihélt nýjar upptökur af gömlum slögurum með meistaranum í bland við nýja smelli. Í fyrra gaf hann svo út plötuna Með hangandi hendi.

HYLLIR SJÓMANNINN

Í ár ákvað Raggi að hylla starfsstétt sem hefur fylgt honum gegnum árin – sjómanna-stéttin. „Ég var svo lengi í þessu með Svavari Gests og pabba og fylgdist alveg með sjóara-deildinni eins og hún leggur sig. Sá í gamla daga, þegar Finnarnir og Svíarnir voru að slást á Siglufirði. Ég kynntist sjómönnum og kynnti lög eins og Sjipp og hoj, Vertu sæl mey og fleiri þannig að ég var svo nálægt

sjómanninum. Nú eru allt aðrir tímar í sjómanninum. Mér fannst við hálfpartinn standa á öxlunum á þessum sjómönnum og útgerðarmönnum svo ég ákvað að gera eina plötu þeim til heiðurs. Hún heitir Raggi Bjarna vel sjóaður,“ segir hann. Á þeirri plötu syngur hann dúett með Elly heitinni Vilhjálmsdóttur en það var nútímatækni sem gerði honum það mögulegt. „Það er Gullfoss með glæstum brag. Lagið heitir það reyndar ekki, ég man ekki hvað það heitir en þetta var fyrsta auglýsingalagið á Íslandi. Það var Sigfús Halldórsson sem samdi það og bróðir hans Guðjón gerði textann og svo var Elly fengin til að syngja þetta.“ Á plötunni syngur hann einnig Hvíta máva ásamt Helenu Eyjólfsdóttur og Á sjó með Þorvaldi Halldórssyni.

HÆTTI ÞEGAR ENGINN VILL HLUSTA

Raggi segist fylgjast vel með því sem er að gerast í tónlistinni í dag. „Ég er auðvitað að hlusta á Magna þessa dagana, hann er magnaður,“ segir Raggi. „Við eigum svo mikið af undraverðu fólki eins og þessar prinsessur, Eivöru og Ragnheiði Gröndal. Við eigum bara flott lið. Ég hef engar áhyggjur af nýrri kynslóð. Það verður einhver að taka við þessu, ég verð einhvern tímann að hætta þessu,“ segir hann og hlær. Það er þó engan veginn komið að lokum hjá Ragga Bjarna sem er á fullu að skemmta um allt land með Þorgeiri Ástvaldssyni við góðan orðstír.

Er heilsan það eina sem gæti stöðvað þig?

„Já kannski. Og ef fólk vill ekki hlusta lengur, þá hætti ég,“ segir Ragnar Bjarnason stórsöngvari með hangandi hendi.

soli@minnsirkus.is



TALHÓLF FRAGA FÓLKINS...

FÍNT EN EKKI FRÁBÆRT

Talhólf Reynis Lyngdal kvikmyndagerðarmanns er svohljóðandi:

„Hæ, þetta er hjá Reyni, hann er vant viðlátinn í augnablikinu en endilega skildu eftir skilaboð. Ókei, bæ,“ segir ung og falleg stúlkuródd sem er bæði kurteis en um leið svoöo aðlaðandi.

Eins og segir hér á undan er kveðjan kurteis og röddin viðkunnaleg, enda stelpa. Það er góður andi í kveðjuni og virðist sem manneskjan sé á kaffihúsi svo þetta er mjög velkomin kveðja.

★★★★☆

ÞAÐ SEM EKKI MÁ KLIKKKA UM VERSLUNARMANNAHELGINA



NÚ ER VERSLUNARMANNAHELGIN GENGIN Í GARÐ OG FLESTIR Á LEIÐ ÚT ÚR BÆNUM. ÞAÐ ER MARGT SEM ÞARF AÐ HAFA Í HUGA ÞEGAR MAÐUR BREGÐUR SÉR Á ÚTIHÁTIÐ OG NAUÐSYNLEGT AÐ VERA MEÐ Á HREINU HVAD Á AÐ TAKA MEÐ SÉR. SIRKUS FER HÉR YFIR ÞAÐ ALLRA NAUÐSYNLEGASTA – OG ÞAÐ SNIÐUGASTA.



SMOKKURINN

Það er nauðsynlegt að hafa með sér smokk þegar maður fer á útihátíð. Þar sem mikið er um ungt fólk eru vel flestir komnir þangað til þess að komast í snertingu við bert hold. Lausaleikskráar geta verið bólvað vesen og einnig getur verið pirrandi að pissa glerbrotum. Smokkurinn kemur í veg fyrir þetta rugl.



POLLAGALLINN

Það rignir alltaf í útilegum. Pollagallinn sér til þess að þú verðir ekki gegnsósa þar sem þú rúllar um svæðið, hrynjandi í jörðina af ölvun. Þegar komið er inn í tjald og þú ætlar að klæða þig úr pollagallanum fyrir ástaleiki, þá getur verið pirrandi að rífa sig úr öllu þessu drasli. Þú ert þú þurr undir og það er fyrir öllu. ATH! Ekki vera töff í bara pollajakka og engum pollabuxum, þá verðurðu hundvot/ur.



TJALDIÐ

Margir ætla að vera grjótharðir og fara í útilegu án þess að vera með tjald. Hugsu með sér að þeir ætli að veiða sér bráð til þess að gista hjá. Hins vegar er raunin sú að þeir sem ÆTLA að komast í feitt, komast ekki í feitt. Ekki vera öðrum háður og farðu með tjald með þér. Þá geturðu allavega sofði í því einn ef ekkert gengur.



PARTÍPOKINN

Partípokinn frá Og Vodafone er nýjung sem allir ættu að hafa með sér í útilegu. Hann er með handfrjálsum búnaði fyrir gamsann þinn þannig að þú getur hringt í liðið og bullað í því án þess að lyfta tólinu og allir í kringum þig geta talað með. Það er líka hægt að tengja iPod eða geislaspilara í græjuna og spila partítónlistina fyrir liðið. Hátalararnir á pokanum eru nefnilega ótrúlega öflugir. Þú getur fengið pokann í öllum verslunum Og Vodafone.



GÍTAR

Það er engin útilega án gítars. Þó svo að það sé til ógrynni af ópolandi partígitarleikurum sem spila Stál og hnif og fram á nótt út í eitt, þá eru inni á milli meistarar sem geta haldið uppi mögnuðu partíi. Ef gítarleikarinn er hins vegar ekki að standa sig, þá einfaldlega tekur þú af honum gítarinn og brýtur hann á hausnum á honum. Einfalt.



Þessi er kátur með þetta fyrirkomulag.

VERTU HLAÐINN Á ÞJÓÐHÁTIÐ

Þetta er beggja blands við að vera eitt það norðalegasta sem heyrst hefur lengi eða eitt það sniðugasta. Þetta er að sjálfsgöðu nauðsynlegt öryggisatriði en samt sem áður pinkulítið skritið, eða hvað? Og Vodafone verður með GS- hleðslubása á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgina. Þar mun fólk eiga kost á því að hlaða farsíma sína án endurgjalds. Gestir geta því komið við í tjaldi Og Vodafone í Dalnum og látið hlaða símtækni sín óháð því hjá hvaða fyrirtæki gestir eru með símavíðskipti sín.



Síminn verður hlaðinn, ekki spurning.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

PRUMP- OG KÚKA-BRANDARAR

<http://www.doodie.com/> er alveg hreint snilldarsíða sem enginn ætti að sleppa að kíkja inn á allavega einu sinni á dag ef ekki oft. Þeir sem elska kúkabrandara og jú bara allt sem er hnyttíð munu elska þessa síðu. Hún kitlar hláturtaugarnar og er bara algjör eðall (og þá sérstaklega fyrir þá sem elska prump- og kúkabrandara). Ekki pissa í þig úr hlátri heldur haltu kúlinu eins og við öll hin.



Brandarakarlar fíla þessa síðu!

SIRKUSTVÍFARAR



Sif Aradóttir



Stephanie McIntosh

Það eru ljósir lokkar og blítt brosið sem bræðir hvert mannsbarn. Þær eru sætar, sexi og svona líka bjartar, upprennandi stjörnur. Sif Aradóttir er okkar fegurðardrottning, sú sem ber af hvað varðar þokka og fegurð. Það má sjá margt sameiginlegt með henni Sif okkar og leik- og söngkonunni Stephanie McIntosh sem er að færa sig hærra og hærra upp metorðastigann í Hollywood.

Nýtt í bíó



SAMUEL L. JACKSON

SNAKES ON A PLANE



HEIMSFROMSÝND 18. ÁGÚST



REGNBOGINN

SMÁRA BÍÓ

Borgarbíó
www.borgarbio.is Akureyri

LAUGARÁS BÍÓ



CARMEN ELECTRA



JERRY HALL



VIRGINIA MADSEN



CHARLIZE THERON



KRISTIN DAVIS

ÞRÖNG PILS ERU MÁLIÐ

TÍSKAN STENDUR ALDREI Í STAÐ OG EITTHVAÐ EITT VERÐUR HEITARA EN ANNAÐ. AÐ UNDAFÖRNU HAFU SVOKÖLLUÐ BLÖÐRUPILS VERIÐ MJÖG VINSÆL OG MARGAR HAFU FJÁRFEST Í EINU SLÍKU. ÞAÐ SEM ER AÐ KOMA STERKT INN NÚNA ERU PILS MEÐ SVOKÖLLUÐU „PENSIL“-SNIÐI, SEM MJÓKKA NIÐUR OG ERU FREKAR HÁ Í MITTIÐ. ALVEG MÁLIÐ OG MINNIR OKKUR ENN OG AFTUR Á AÐ ROCKABILLY-ÁHRIFIN ERU ÚTI UM ALLT.



PIP EDWARDS, STÍLISTI FYRIR MARIE CLAIRE



VICTORIA BECKHAM



LISTAKONAN DITA VON TEESE ER ÞEKKT FYRIR AÐ VERA Í PILSUM MEÐ PENSIL-SNIÐI



SIENNA MILLER

ÓSKALISTINN

Fallegir sumarsandalar úr Retro í Smáralind.

Flottir kertastjakar úr Söstrene Grene í Smáralind.


Flott taska úr Top Shop.

Spangir lífga upp á lúkkið, Top Shop.

Hressandi til að vökva blómin úr Söstrene Grene í Smáralind.

16

ÚTSALA ÚTSALA



bianca


Gæði og glæsileiki

Nýbýlavegi 12, Kópavogi
sími: 554 3533

Paris Hilton mætti á frumsýninguna á X-Men 3 í Cavalli.



Leikkonan Lisa Rinna í Cavalli-kjól, 11. maí, sem til eru þrjár útgáfur af, hver kemur best út er ykkar um að dæma.



Leikkonan fræga Jada Pinkett Smith mætti á svæðið í Roberto Cavalli-kjól, flott að vanda.

ROBERTO CAVALLI ER OG HEFUR ALLTAF VERIÐ Í UPPÁHALDI HJÁ ÞOTU-LIÐINU OG MÁ ÞÁ MEÐAL ANNARRA NEFNA VICTORIU BECKHAM. SIRKUS TÓK SIG TIL OG FANN NOKKRAR FRÆGAR Í ROBERTO CAVALLI, ÞRJAR Í SÖMU TÝPUNNI.

FRÆGIR Í CAVALLI



Tara Bernard mættir á listasýningu hjá Royal Academy of Arts í byrjun júní. Þá eru þeir þrír, huumm, sérstakt.



Victoria Beckham mættir í parti æðsilega flott og frekar hress 20. maí, á eftir Lisu Rinna. Úfff, betra að vera fyrstur, ekki satt?



Leikkonan Maggie Q mættir á forsýningu Mission: Impossible III, í London. Fögur eins og ungrú heimur.



Söngkonan Charlotte Church mættir á Glamour Women Of The Year Awards í Bretlandi, að sjálf-sögðu í Cavalli.



Söngkonan Mary J. Blige tekur sig vel út í hvítum Cavalli-kjól, þessi elska bræðir hjórtu margra og syngur eins og engill.



Leikkonan Sarah Jessica Parker sem á ófáa aðdáendur hér heima sem og annars staðar í Dolce & Gabbana. Hún er svo mikið krútt.



Leikkonan Emily Blunt í Dolce & Gabbana í stórborginni New York.



Listakonan Dita Von Teese flott í doppöttum Dolce & Gabbana-kjól.

ÞÆR FLOTTUSTU Í DOLCE & GABBANA

ÞÆR FLOTTUSTU GANGA Í DOLCE & GABBANA ÞAR SEM FJÖLBREYTNIN ER MIKIL OG ALLIR GETA FUNDIÐ EITTHVAÐ VIÐ SITT HÆFI. ÞAÐ ERU FYRIRSÆTUR, LEIK- OG SÖNGKONUR SEM FALLA FYRIR SJARMANUM OG KYNÞOKKANUM SEM FYLGIR HÖNNUN DOLCE & GABBANA.



Leik- og söngkonan Jennifer Lopez fallg í D&G-kjól.



Leikkonan Salma Hayek fallg í túrkisgrænum Dolce & Gabbana-kjól.



Fyrirsætan Elle Macpherson flott í Dolce & Gabbana.



Leikkonan Teri Hatcher hress í Beverly Hills í Kaliforníu.

SKEMMTIÐAÐIR

FÖSTUDAGUR 4. ÁGÚST



PRÍKIÐ

Það er Sparifatakvöld á Prikinu í kvöld, svo látið sjá ykkur í fínu fótunum en engum lörfum. Andri DV ætlar að hita fólkið upp en síðan eru það snillingarnir í Gullfoss og Geysi sem ætla að trylla lýðinn, sniiiiiiiild!!!

SIRKUS

Það er sveitt stemming fyrir þá sem vildu ekki búa í tjaldi um helgina en það er DJ KGB sem mun halda uppi massívri partístemmingu á Sirkus í kvöld. Stemming!!!

HRESSÓ

Hljómsveitin Mát mun spila fyrir gesti svo verður DJ Johnny plötu-snúður kvöldsins.

BARINN

Árni Sveins er í gírnum, það vantar ekki. Hann ætlar að spila fyrir dygga aðdáendur ásamt Óla sem verður á annarri hæðinni. Krakkar, common, látið sjá ykkur og höfum gaman, saman.



BAR 11

Það er enginn annar en stuðpinninn hann Dj Gulli í Ósóma sem ætlar að trylla lýðinn á Bar 11. Mætið snemma ef þið ætlið að komast inn því það er búið að lofa þvílíkum stemmara.

SÓLON

Dj Brynjar Már verður í eldheitum ham á föstudaginn. Veggir munu nötra og fólk mun falla í danstransmanfu, svo mikið er víst.

NASA

Það er að sjálfsgöðu Innipúkinn sem ætlar að sjá fyrir stuði og standpínu. Þetta er fyrsti dagurinn af þremur og í kvöld verða m.a. Benny Crespo's Gang, The Foghorns, Jakobínarína og Jeff Who? sem munu halda uppi stuðinu ásamt fleirum.

CAFÉ VICTOR

Trúbarnir Óli og Arnar trúbba þig upp á milli 23 og 01 á Cafe Victor og tekur Dj Jón Gestur svo við af þeim og setur allt á annan endann.

LAUGARDAGUR 5. ÁGÚST

BARINN

Það er massa stuð á Barnum um helgar og úr mörgu að velja, staðurinn er á þremur hæðum og því ætti ekki að væsa um mann. Í kvöld eru það þeir KGB og Benni B ruff sem ætla að hleypa lífi í fólkið.

CAFÉ VICTOR

Dj Jón Gestur verður í snarbrjáluðum gír fram á eldraudanótt. Vertu viss um að missa ekki af stuðinu á Café Victor. Hlökkum til að sjá þig!

SÓLON

Rikki G verður á neðri hæðinni að trylla alla sem þora að mæta en Brynjar Már verður að trylla alla sem stíga dansinn uppi á Sólun. Mætið og hafið gaman, það verður geggjað stuð.

SIRKUS

Það verður þvílík gleði og trylltur dans tekinn hér í kvöld. Þetta er helgi sem flestir eiga að leika og hafa gaman, setjið upp brosið og farið í partígírinn því að Árni Sveins ætlar að sýna okkur hvernig almennileg partí eru.

HRESSÓ

Rubikó ætlar að tæta og trylla lýðinn eins og honum einum er lagið. Missið ykkur því það er löng helgi sem er að sjálfsgöðu geggjað en síðan tekur Dj Johnny við.

CAFÉ OLIVER

Vertu viss um að taka hjartalyfin áður en

þú finnur þungan bassa Dj JBK dynja á þér hvað eftir annað á Oliver. Ógleymanlegt stuð fyrir taugakerfið.

BAR 11

Það verður massa fjör á yndislega hornbarnum í kveld. Það er kveldúlfurinn Dj Óli Dóri í Wepons sem ætlar að spila eins og brjálæðingur eðal lög sem allir tryllast við.

PRÍKIÐ

Dj B Ruff hinn eini sanni ætlar að kenna okkur að dansa og sýna okkur hvernig á að partíast eins og maður. Ekkert væl og ekkert trúno bara trylltur dans fyrir alla, konur og karla.

HVERFISBARINN

Á laugardaginn verður partí sumarsins . . . og verður það auglýst síðar . . . þó skal benda á að undarlegir hlutir munu gerast á Hverfis frá kl. 22 til miðnættis . . .

NASA

Snilldarhátíð sem verið er að halda í fimmta sinn en er haldin á Nasa í ár. Í dag eru það m.a. Morðingjar, Hermigervill, Eberg, Throwing Muses og Lára

KRINGLUKRÁIN

Ef þið fenguð ekki nóg kvöldið áður, mætið aftur á Kringlukrána og látið dansvænar ballöður Upplyftingar lyfta ykkur upp í hæstu hæðir.



SUNNUDAGUR 6. ÁGÚST

BAR 11

Dj Gulli í Ósóma ætlar aftur að taka kvöldið í gegn og halda uppi stuðinu þar til yfir lýkur, ekki vera huglaus komdu frekar að dansa. Viltu dansa????

NASA

Síðasta kvöldið á Innipúkanum fyrir alla þá sem eru ekki búnir að fá nóg, þá sem voru að koma úr ferðalagi eða jafnvel þá sem ekkert eru búnir að dansa og leika sér. Í kvöld eru meðal annars Norton, Mr.Silla og Mongoose, Mammút og Ampop að spila. Njótið og lifið vel og heil!

HRESSÓ

Helgi Valur trúbador verður á sínum stað á Hressó og ætlar svo Dj Johnny að taka við og enda verslunarmannahelgina með stæl.

KAFFIBARINN

Það verður massa stuð hér því að herra DJ B Ruff ætlar að taka fyrir okkur nokkra þeytinga. Snilld mætið og dansið af ykkur rassgatið, ekki vera kjúklingar!!

PRÍKIÐ

Hér er á ferðinni geggjað Gellukvöld sem er að sjálfsgöðu kvöld sem enginn á að láta fram hjá sér fara. Mætið eða verið lúðar. Það eru Dj Blue Lagoon og Dj Sahara sem ætla að spila þikutrylla og allt sem klikkar aldrei. Show them girls!!!



BARINN

Hér er alltaf massa fjör og að þessu sinni eru það þeir DJ Alfons X og DJ Magic sem ætla að láta húsið hristast en einnig verða þeir Gísl galdur og Sammi í Jagúar í partígírnum. Það verður massa stuð og því borgar sig að mæta snemma og vera á dansskónum... jafnvel með svitaband með sér.

SÓLON

Það er enginn annar en Brynjar Már sem tekur sinn þriðja dag og má því segja að hann sé búin að hita sig vel upp og meira en það. Svona á að gera þetta og því skuluð þið djammarar ekki kvarta og drulla ykkur út að dansa!



SIRKUS

Það er snillingurinn sjálfur sem tekur lokadaginn á þriggja daga veislu, ekki gefast upp heldur takið lokadaginn með trompi og tjillið daginn eftir. Það er Maggi Legó sem ætlar að sjá um sína og alla þá sem þora að koma til að dansa.

SÆTI	FLYJTANDI	LAG
1.	Wolfmother	Woman
2.	Gnarls Barkley	Smiley Faces
3.	Johnny Cash	Gods Gonna Cut You Down
4.	Panic! At The Disco	I Write Sins Not Tragedies
5.	Biggi	The Hardway
6.	System Of A Down	Kill Rock n'Roll
7.	Hot Chip	Boy From School
8.	Raconteurs	Hands
9.	The Automatic	Monster
10.	Primal Scream	Country Girl
11.	Telepathetics	Last Song
12.	Peeping Tom	Mojo
13.	Muse	Supermassive Black Hole
14.	Franz Ferdinand	Elanor put Your Boots On
15.	Lost Prophets	Rooftops
16.	Stone Sour	Through Glass
17.	Motion Boys	Waiting To Happen
18.	The Bronx	White Guilt
19.	Thom Yorke	Black Swan
20.	Brain Police	Rooster Booster

JOHNNY CASH KLIFRAR UPP LISTANN PRÁTT FYRIR AÐ VERA ALLUR.

SÆTI	FLYJTANDI	LAG
1.	Black Eyed Peas	Gone Going
2.	Saving Jane	Girl Next Door
3.	Fort Minor	Where'd You Go
4.	Jeff Who?	Barfly
5.	Mihai Traistariu	Tornero
6.	Rihanna	Unfaithful
7.	Pink	Who Knew
8.	Pussycat Dolls Ft. Snoop Buttons	
9.	Gnarls Barkley	Crazy
10.	Nelly Furtado	Promiscuous
11.	Orson	No Tomorrow
12.	Teddy Geiger	For You I Will
13.	Dr. Mister & Mr. Handsome	Is It Love
14.	Christina Aguilera	Aint No Other Man
15.	Lordi	Hard Rock Hallelujah
16.	Shakira Ft. Wydef Jean	Hips Dont Lie
17.	Lucas Prada	And She Said
18.	All American Reject	Move Along
19.	Á móti sól	Hvar sem ég fer
20.	Fræ	Dramatísk rómantík

FERGIE OG VINIRNIR Á TOPPNUM ENN OG AFTUR.

20

SÓLIN SKÍN ALLTAFI SÓL101

**NÝJAR PERUR
NÝTT OG BETRA GUFUBAÐ
MIKÐ ÚRVAL AF SÓLARVÖRUM**

SÓLARTILBOÐ # 1

10 tímar í 3 mánuði
og tveir frír tímar fylgja.

4.490,-

 SÓLARTILBOÐ GILDIR TIL 1. SEPT. 2006

SÓLARTILBOÐ # 2

10 tímar í 1 mánuði
og einn frír tími fylgir.

3.890,-

 SÓLARTILBOÐ GILDIR TIL 1. SEPT. 2006



**ADALSTRÆTI 9
KJALLARÍ**

551-0256

HOMMAR OG LESBÍUR BÍÐA NÚ Í OFVÆNI EFTIR ÞVÍ AÐ GAY PRIDE-HÁTÍÐIN FARI Í GANG EN HÚN HEFST 10. ÁGÚST. FRÍÐRIK ÓMAR ER EINN ÞEIRRA SEM KOMINN ER MEÐ FIÐRING FYRIR ÞESSARI SKEMMTILEGU HÁTÍÐ EN HANN KEMUR NÚ FRAM Á HENNI Í FYRSTA SINN.

VERÐ EKKI Í DRAGI


„Ég er orðinn mjög spenntur, eins og flestir eru orðnir,“ segir Friðrik Ómar sem er að spila í fyrsta sinn á Gay Pride sem hefst þann 10. ágúst. „Ég hef aldrei tekið almennilega þátt í hátíðarhóldunum en núna verð ég að spila yfir daginn, þar mun ég syngja bara í jakkafötum, ekki í dragi, eða neitt slíkt,“ segir Friðrik Ómar og skellir upp úr. „En ég og Regína Ósk verðum um kvöldið á Nasa í brjáluðu stuði að þeyta skífum.“

BRJÁLUÐ STEMNING

„Við munum að sjálfsögðu einungis spila Eurovision-lög af bestu gerð eins og vaninn er, þá skapast svo rosalega góð stemning,“ segir Friðrik Ómar sem er allur að koma til í DJ-mennskunni. „Við erum svona að fikra okkur áfram í þessu en verðum á Akureyri núna um verzlunarmannahelgina. Það verður kátt á Akureyri og að sjálfsögðu spilum við ekkert nema Eurovision-lög. Það er alltaf skemmtilegast þannig og fólk fer í brjáluð stuð,“ segir Friðrik Ómar sem hefur í mörgu að snúast þessa dagana.



Friðrik Ómar er kominn í stuð fyrir Gay Pride.



ÆVINTÝRIN GERAST Á SLIPPNUM

Nú er að halla undan fæti þar sem veturinn fer að koma og því er um að gera að nýta þá sumardaga og sumarkvöld sem eftir eru. Sirkus fær ekki nóg af Slippnum því þar er gott að vera og margt um manninn. Í Slippnum er að finna fjóra góða veitingastaði með sál, verslun með hátiskufatnað og að sjálfsögðu er hvalaskoðunin á sínum stað. Ævintýrin gerast á Slippnum.

Sushismiðjan

Fyrst bera að nefna nýliðann á stað staðanna sem er Sushismiðjan þar sem maður getur gætt sér á indælis sushi, súpu og salati.



Sægreifinn

Sægreifinn grillar ofan í mann spjótin og um leið getur maður fengið sér rúgbrauð með síld. Stemmingin er jafn góð úti á pallinum og inni.

Hamborgarabúllan

Að sjálfsögðu er Tommi búinn að hreiðra um sig í þessari litlu paradís, með hina einu sönnu Hamborgarabúllu og eitt ber að minnstað: þar er hægt að fá eina bestu grænmetisborgara ever.

Tveir fiskar

Hér er verið að tala um veitingastað í finni kantinum, hér fær maður dýrindismáltið sem gleymist seint en veskið verður að vera aðeins þyngra en venjan telst.



Garçon des hommes, Guerilla store.

Guerrilla Store

Í bakhúsi að Mýrargötu 2-8 í Reykjavík (í Slippnum) er til húsa í gamalli

stálsmiðju tiskuvöruslunin Guerrilla Store. Ekkert annað en nokkur plaköt í nágrenninu gefa til kynna að hér sé að finna slíka verslun. Þar er að finna gersmi sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara, kikið við áður en allt fer í lás.

Hvalveiðiskoðun

Eitthvað sem túristar láta ekki fram hjá sér fara, að sjálfsögðu ekki, en nú er kominn tími til að heimamenn bretti upp emmar og drulli sér af stað. Upplifid Island eins og túristi og takið það alla leið, takk.



Smábátahöfnin

FRÉTTASTOFA GILLZ, ÞORIR MEÐAN AÐRIR ÞEGJA

Fjölga hefur þurft læknum á gjörgæsludeild Landspítala vegna góðs veðurs í vikunni en hefur það verið hin svokallaða X-kynslóð sem lent hefur illa í sólinni. Mikil er um það að rauðhærðir einstaklingar liti hár sitt til þess að fela fötlun sína og virðist þá að aðilamir geri sér ekki grein fyrir því að þótt þeir séu með litla hár, þá er húð þeirra jafn viðkvæm fyrir sólinni. Fréttastofan náði í kynlífsvélina hann Ásgeir Kolbeinsson sem eitt sinn var rauðhærður og var hann alls ekki ánægður með spurningar fréttastofu: „Ertu þroskaheftur? Er það málið? Nei þú hlýtur bara að vera þroskaheftur, heldurðu að ég, The Kolb, BRENNI í sólinni, farðu að leita þér að nýrri vinnu, þú kemur ekki svona fram við Kolb!“



Sigþór-Völsungur hafi einfaldlega ekki verið að gera sig á skemmtistöðum Reykjavíkurborgar en Sigþór ku hafa splæst í hana í miðbænum fyrr í sumar. Fréttastofan hafði enn og aftur samband við Guðmund Benediktsson leikmann Vals og hafði hann þetta að segja um félagan sinn: „Ég veit að honum var farið að líða helvíti illa með því að enda setninguna sína á Völsungur, þetta einfaldlega hljómar betur með KR fyrir aftan. Ég veit hann fór á gamla Astró um daginn sem heitir Pravda í dag og gekk upp að nokkrum blautum og splæsti í formúluna „Sælur stelpur, Sigþór Völsungur,“ og síðan girti hann niðrum sig eins og hann er vanur að gera, en neinei, þá var bara hlegið að kallinum og honum hent út, ég skil hann fullkomlega að vilja fara aftur í KR,“ sagði skyttan og fagmaðurinn Guðmundur Benediktsson.

Aldrei hefur jafn mikill fjöldi manns sofnað á jafn litlu svæði, en Íslendingar slógu heimsmet í því þegar hljómsveitin Sigur Rós hélt tónleika á dögunum. Fréttastofan undraði sig á því afhverju svona gríðarlegur fjöldi var mættur til þess að hlusta á fullorðna menn grenja í mikrafón með fíðlutónlist undir, en ástæðan var að sjálfsögðu sú að frítt var á tónleikana og allir Jóakimar og flotræflar landsins voru mættir saman á tónið. 15 þúsund manns mættu og sofnuðu nánast allir enda ekki við öðru að búast. Alistair er öryggisvörður sem var á tónleikunum og var hann nokkuð jákvæður þegar fréttastofan náði í hann: „Ég var nokkuð sáttur við að fólk hafi bara verið að sofna þarna, ég var skíthræddur um að fólk myndi bara hengja sig úr leiðindum, en sem betur fer var þetta haldið utandyra þannig að það voru engar ljósakrónur á svæðinu.“



Mikil gleði er í Vesturbænum þessa dagana en Sigþór Júlíusson betur þekktur sem Sælur-Stelpur-Sigþór-KR er kominn aftur í KR eftir stutt stopp hjá Völsungi. Ástæðan ku vera sú að setningin Sælur-Stelpur-

Fasteignasalinn og fjölmiðlamaðurinn Ásgeir Kolbeinsson er að flytja inn í nýja íbúð þessa dagana og er Kolb á fullu að gera hana að einni flottustu piparsveinsíbúð

landsins. Fréttastofan hafði samband við Kolb og spurði hann hvort hann væri búinn að vígja íbúðina en Ásgeir var hógvær að vanda: „Þú ert bara þroskaheftur, nei það er bara staðfest, heyrðu til hamingju með það! Ég fékk íbúðina fyrir 9 dögum, hvað á ég að gera, rúnka mér í 9 daga? Er þetta fréttastofa þroskahefta? Ég vígði hana þremur sekúndum eftir að ég keypti hana, berið virðingu fyrir Kolb.“

Frumkvöðullinn Egill Einarsson hefur enn og aftur komið á óvart en hann er byrjaður með byltingu í einkaþjálfun sem hefur strax notið gríðarlegra vinsælda hjá landanum. Er hann byrjaður með svokallaða Fjarþjálfun sem kostar einungis 10þúsund krónur mánuðurinn. „Já þetta er mjög sniðugt fyrir fólk sem tímir kannski ekki að splæsa 30-50 þúsund kall í einkaþjálfun en vantar aðhaldið, það er lyftingaprógramm, brennsluprógramm, næringaáhdald, kennslu á tæki og reglulegar mælingar til að fylgjast með árangrinum,“ sagði fitness-sérfræðingurinn Egill Einarsson. Notar Egill sérstakt einkaþjálfaraforrit sem fólk fær með vídjóklippum og útskýringum með hverri æfingu. En er þessi fjarþjálfun bundin við einhverja ákveðna líkamsræktarstöð? „Neinei, ég er að þjálfa nokkra í Danmörku og mikið af fólk úti á landi, fólk þarf bara að geta komist í líkamsræktarstöð, þó svo að ég mæli að sjálfsögðu með Iceland Spa&Fitness.“ Áhugasamir geta sent e-meil á fjarthjalfun@hotmail.com og byrjað í átaki strax á morgun.


Fréttastofa Gillz, þorir meðan aðrir þegja.



BRIM LAGERSALA

LAUGAVEGI 66, 2 HÆÐ

ÞAD ER BANNAD AD MISSA AF !!



FATNADUR OG FYLGIHLUTIR FRÁ M.A.

BILLABONG
ELEMENT
NO FEAR
OPTION
NIKITA
ADIO
BLAH
ALIS

BRIM